

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps nr. 1151/2010 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

49. grein samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

**Til fjögurra ára**, á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara í sameiginlegri almannavarnanefnd Árnessýslu skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Sameiginleg félagsþjónusta sjö sveitarfélaga í Árnessýslu*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu samkvæmt samningi þar að lútandi. Sá sem kjörinn er í yfirstjórn hefur umboð til þess að skipa fulltrúa í eina sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fulltrúar í sameiginlegri velferðarnefnd eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrír af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi. Fulltrúi sveitarstjórnar í sjö manna yfirstjórn hefur einnig umboð til þess að taka þátt í skipan formanns og varaformanns sameiginlegrar velferðarnefndar. Yfirstjórn útbýr einnig erindisbréf sameiginlegrar fimm manna velferðarnefndar og leggur það fyrir sveitarstjórn til staðfestingar af hennar hálfu. Sameiginleg velferðarnefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
3. *Kjörstjórn til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
4. *Fræðslunefnd*. Fer með málefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og málefni leikskóla skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. *Sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps*. Einn fulltrúi og annar til vara. Sveitarstjórn fer með verkefni skipulagsnefndar samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.
6. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
7. *Húsnefnd félagsheimilisins Borgar*. Fyrir hönd sveitarstjórnar eru tveir aðalmenn og tveir til vara.
8. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Samgöngunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
10. *Atvinnumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
11. *Fjallskilanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að starfa samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
12. *Æskulýðs- og menningarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
13. *Veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 1. júlí 2011.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*